

Framhaldsskólinn á Laugum

Sjálfsmatsskýrsla 2020-2021



Andri Hnikarr Jónsson

Bjarney Guðrún Jónsdóttir



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Grunnupplýsingar um Framhaldsskólann á Laugum.....	5
Markmið Framhaldsskólans á Laugum	5
Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2020-2021.....	6
Mat og matsaðferðir veturinn 2020-2021	6
Kennslukannanir	8
Niðurstöður kennslukannana.....	8
Covid-könnun	10
Könnun vegna kennslufyrirkomulags í samgöngutakmörkunum	10
Viðhorfskannanir.....	11
Skólapúlsinn	11
Stofnun ársins	14
Starfsmannaviðtöl.....	14
Greining á tölulegum gögnum	15
Foreldrakönnun.....	16
Heimavistarkönnun.....	16
Úrbætur	18
Útbótaáætlun úr skýrslu síðasta árs:	18
Úrbótaáætlun fyrir 2020 – 2021	20
Heimildir.....	21
Viðauki 1 - Kennslukannanir Framhaldsskólans á Laugum	22
Viðauki 2 - Foreldrakönnun – ábendingar svarenda.....	23
Viðauki 3 – Niðurstöður úr foreldrakönnun	25
Viðauki 4 - Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2020-2021).....	26
Viðauki 5- opin svör heimavistarkönnun	27

Inngangur

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli í dreifbýli sem hefur verið starfræktur sem slíkur síðan 1988. Saga skólalahalds á Laugum er mun lengri en samfelld skólastarf hefur verið á Laugum síðan 1925 þegar Alþýðuskóli Þingeyinga tók til starfa. Framhaldsskólinn á Laugum er í dag með þá sérstöðu að vera eini framhaldsskóli landsins sem rekur heimavist og er í dreifbýli.

Einkunnarorð skólans eru *metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi*. Stefna Framhaldsskólans á Laugum er að bjóða nemendum upp á vandað og fjölbreytt nám við hæfi hvers og eins með einkunnarorð skólans að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að skólinn sé framsækinn og til fyrirmyndar um kennsluhætti og námsmat, stjórnunarhætti, rekstur, þjónustur og velferð nemenda og starfsfólks. Skólinn býður upp á þrjár meginstúdentsbrautir, náttúruvísindabraut, félagsvísindabraut og íþróttabraut, auk kjörsviðsbrautar þar sem nemendur geta sett saman stúdentspróf sitt sjálfir. Einnig er boðið upp á almenna braut fyrir þá sem ekki hafa náð lokaviðmiðum grunnskóla.

Innra mat er einn af þeim þáttum sem tryggir að skólastarfið sé í stöðugri þróun. Framhaldsskólinn á Laugum metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. og 41. grein laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Innra mat á að spanna sem flesta og víðtækasta þætti skólastarfs, s.s. yfirstjórn, fagmennsku, aðbúnað, námsumgjörð, þjónustu við nemendur, foreldrasamstarf, árangur nemenda og traust samstarfsaðila. Með því er hægt að stuðla að umbótum og auknum gæðum innra starfs auk þess að vera hluti af þróun skólastarfs.

Sjálfsmatsteymi er skipað að skólameistara og í því sitja tveir kennarar. Núverandi teymi er á þriðja starfsári sínu og í því sitja Andri Hnikarr Jónsson og Bjarney Guðrún Jónsdóttir. Sjálfsmatsteymi skilar af sér skýrslu í lok hvers skólaárs sem birtist á heimasíðu skólans. Sjálfsmatið á að tengjast stefnu og markmiðasetningu skólans og leggja mat á hvernig til hefur tekist við framkvæmd hennar og eftirfylgni.

Grunnupplýsingar um Framhaldsskólann á Laugum

	Haust 2020	Vor 2021
Dagskólanemar	99	98
Nemendur utan skóla	25	34
Nemar í Námsveri á Vopnafirði	1	3
Kennarar	13	13
Brottfall	9,8%	4,9%
Brautskráðir	0	25
Einingarfjöldi	3177	3640
Einingum lokið	2704 (85,1%)	3163(86,9%)

Í skýrslu síðasta árs kom það fram að útlit væri fyrir áframhaldandi fjölgun dagskólanema veturinn 2020-2021 eins og veturinn á undan. Þegar upplýsingarnar voru teknar saman í vor þá kom í ljós að umtalsverð fjölgun dagskólanema hefur orðið milli ára og enn og aftur stefnir í frekari fjölgun nema næsta skólaár. Í úrbótaráætlun fyrir skólaárið 2020-2021 var markmiðið að brottfall nemenda myndi ekki mælast hærra en 5%, því markmiði er náð á vorönn en við erum töluvert yfir viðmiðum á haustönninni eða 9.8% sem er líka hækkun frá haustönn 2019. Aftur á móti höfum við hlutfallslega hækkað lítillega á milli ára varðandi fjölgun lokinna eininga sem jákvætt.

Markmið Framhaldsskólans á Laugum

Meginmarkmið Framhaldsskólans á Laugum tengjast námskrá framhaldsskólans ásamt því að leggja áherslu á sérkenni skólans. Einkunnarorð skólans metnaður, trúmennska, tillitssemi og glaðlyndi fléttast svo inn í allt starf skólans þannig að allir fái notið sín í leik og starfi.

Áherslan er á að í skólanum sé:

- ✓ Góður staðblær og skólabragur
- ✓ Verkefnavinna og símat með áherslu á námshæfni hvers og eins
- ✓ Öruggt og gott vinnuumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- ✓ Notkun upplýsingatækni og miðlun upplýsinga lykilaþáttur í starfseminni

Metnaður

Nemendur og starfsfólk hafi metnað fyrir því sem við gerum, fyrir okkur sjálfum og skólanum okkar og stuðlum að bættum árangri með því að:

- ✓ Setja markmið og fylgja þeim
- ✓ Vita hvað við viljum og hvert við stefnum
- ✓ Vera óhrædd við að gera mistök á leiðinni

Trúmennska

Nemendur og starfsfólk er trú sjálfum sér og skólanum og stuðla þannig að betri líðan með því að:

- ✓ Styðja hvert annað
- ✓ Gæta sameiginlegra hagsmuna

Tillitsemi

Nemendur og starfsfólk sýni hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi með því að:

- ✓ Bera ábyrgð á líðan sinni og hegðun

Glaðlyndi

Nemendur og starfsfólk gefi af sér og bæti skólabraginn með því að:

- ✓ Vera til staðar og hafa ánægju af verkefnum sínum

Sjálfsmatsáætlun Framhaldsskólans á Laugum skólaárið 2020-2021

Sjálfsmati skólans er ætlað að leiða í ljós styrkleika og veikleika skólastarfsins og vera grundvöllur umbótarstarfs. Því er ætlað að ná til allra stjórnunarháttanna og samskipta innan skólans. Hér að neðan má sjá þá þætti og matsaðferðir sem voru notaðar á skólaárinu 2020-2021 en skólinn hefur sett fram sjálfsmatsáætlun sem gildir til vorsins 2023 sem má finna á heimasíðu skólans.

Mat og matsaðferðir veturinn 2020-2021

- ✓ Kennslukönnun á meðal nemanda sem fjallar um kennslu, undirbúning og framsetningu kennara á efninu, námsmatsaðferðir, viðmót og fleira. Könnunin er meginleg netkönnun

- ✓ Mat kennara á eigin áföngum í lok hverjar annar. Samanburðarspurningar úr áfangamati settar inn af sjálfsmatsnefnd eftir að niðurstöður eru klárar ef ástæða þykir
- ✓ Greining á tölulegum gögnum úr Innu varðandi innritun, úrskrift, brottfall, meðaleinkunna, skólasókn og fleira
- ✓ Starfsmannaviðtöl
- ✓ Viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsfólks um líðan, skólabrag, einelti og fleira
- ✓ Viðhorfskönnun foreldra til skólans
- ✓ Heimavistarkönnun, könnun á meðal nemenda um aðbúnað á heimavistum og í mötuneyti skólans ásamt þjónustu þvottahúss
- ✓ Skólafundur
- ✓ Félagslíf nemenda- netkönnun meðal nemenda um félagslíf þeirra

Matsaðferðir og gagnaöflun 2020-2021

Tímaáætlun sjálfsmats				
	H-2020	V-2020	Hver	Hvernig
Kennslukannanir	Raug/írþ.brau	Fél.br/Kjörsvið	Nemendur	Netkönnun
Námsver		Maí	Verkefnastjóri	Skýrsla
Starfsmannaviðtöl		mars	Skólastjóri	Viðtöl
Viðhorfskönnun	nóv		Nemendur	Skólapúlsinn
Mat kennara á eigin áföngum	des	maí	Kennarar	Netkönnun
Greining á tölulegum gögnum	des/jan	júní	Áfangastjóri	Inna
Foreldrakönnun		jan	Foreldrar	Netkönnun
Stofnun ársins		x	Starfsmenn	Netkönnun
Heimavistarkönnun		mars	Nemendur	Netkönnun
Endurskoðun áætlunar	nóv		Sjálfsmatsnefnd	Úrbótaráætlun
Ný matsáætlun		maí	Sjálfsmatsnefnd	
Sjálfsmatsskýrsla			Sjálfsmatsnefnd	

*Athugið að ekki náðist að leggja fyrir könnun um félagslíf nemenda þar sem það var mjög takmarkað sökum Covid

Kennslukannanir

Kennslukannanir eru gerðar á báðum öllum vetrarins og skiptum við þeim upp eftir brautum. Á haustönn var gerð könnun í áföngum á náttúrufræði- og íþróttabraut en á félagsfræði- og kjörsviðsbraut á vorönn ásamt því að gera könnun á almennu brautinni. Á könnuninni eru alls 17 spurningar þar af eru 13 um kennslu og kennsluskipulag. Flestar spurningar hafa svarmöguleikana: mjög sammála, frekar sammála, frekar ósammála og mjög ósammála. Ein spurning er um hvort nemendur sækja verklega kennslu í áfanganum með já og nei svari og í framhaldi af því þrjár spurningar varðandi verklega kennslu með sömu svarmöguleikum. Ein opin spurning er í könnuninni þar sem nemendur geta komið einhverju sérstöku á framfæri.

Matskvarðinn sem sjálfmatsnefnd setti upp í kennslukönnunum er eftirfarandi:

- ❖ Mjög sammála =1
- ❖ Frekar sammála = 2
- ❖ Frekar ósammála =3
- ❖ Mjög ósammála =4

Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda sé með einkunnina 1 eða 2 en úrbætur virkjaðar ef einkunnin fer niður fyrir 85%.

Kennslukannanirnar voru settar upp og lagðar fyrir í Microsoft forms og er það breytt fyrirkomulag frá því sem áður var en þá voru kannanirnar skriflegar. Kennarar fengu link inn á könnunina og settu inn á sína hópa í gegn um Moodle eða Teams.

Niðurstöður kennslukannana

Niðurstöður kennslukannana á haustönninni 2020 komu illa út þar sem einungis tvær af tólf spurningum náðu settum viðmiðum.

Á vorönninni snýst dæmið algerlega við þar sem einungis ein spurning var undir viðmiðum.

Haustönn

Spurning	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Voru markmið, kennsluáæltun og námsmat skýr í upphafi annar	80,83%	19.17%
Kennari hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum	84,03%*	15,97%
Kennari hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim	82,35%	17,65%

Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	81,51%	18,49%
Kennari hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri	76,47%	23,53%
Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnan hátt	78,15%	21,85%
Námsmat, verkefni og kennsla er fjölbreytt í þessum áfanga	55,42%	44,58%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	56,63%	43,37%
Kennarinn bendir mér á hvernig ég geti bætt mig í áfanganum	60,00%	40,00%
Mér gengur vel í þessum áfanga	70,59%	29,41%

*ómarktækur munur

Vorönn

Spurningar	Meðaltal 1-2	Meðaltal 3-4
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í áfanganum	75,00%	25,00%

Munurinn á milli haust- og vorannar er mjög mikill. Óhætt er að draga þá ályktun að breytingar á skólastarfi vegna sóttvarnaraðgerða, sem breyttust nokkrum sinnum yfir haustönnina, hafi haft neikvæð áhrif á upplifun nemenda í námi. Hins vegar má ekki líta framhjá þessum niðurstöðum og verða skólayfirvöld að skoða þær gaumgæfilega, sérstaklega með tilliti til þeirrar staðreyndar að svipaðar aðstæður geta komið upp aftur seinna.

Ein spurning var undir viðmiðum á báðum önnum sem gefur vísbendingu um að breytinga sé þörf í kennsluháttum og námsmati við skólann. Bæta þarf verklagið sem kennarar nota til að gefa nemendum athugasemdir og leiðbeinandi mat á stöðu sinni.

Áfangamatið var lagt fyrir rafrænt að þessu sinni líkt og gert var á vorönn 2020. Áður hafði matið verið lagt fyrir á pappír í fagtímum.

Spurningakönnunina sjálfa má sjá í viðauka 1 og heildarniðurstöður fyrir báðar annir má sjá í viðauka 1.

Covid-könnun

Könnun vegna kennslufyrirkomulags í samgöngutakmörkunum

Samhliða kennslukönnunum á haustönninni voru lagðar fyrir nokkrar spurningar sem snéru að því kennslufyrirkomulagi sem skólinn vann eftir á önninni þegar verið var að bregðast við mismunandi reglum varðandi samkomutakmarkanir. Breytingar voru tíðar þar sem í upphafi komu nýnemar einir í skólann fyrstu vikuna og síðan bættust eldri nemendur við (*Fagtímakerfi*). Síðan urðu breytingar á reglunum í lok september þegar þriðja bylgjan svokallaða, gekk yfir. Þá þurfti að skipta nemendum í aðskilda hópa sem ekki máttu hittast á skólatíma og mættu í mat á mismunandi tímum (*Hópakerfi*). Nemendur voru send heim í lok október í þrjár vikur, þar sem kennarar skiptust á að vakta samskipti við nemendur (*Fjarkennsla*), en komu og kláruðu síðustu 4 vikurnar í lok nóvember og í desember í aðskildum hópum (*Hópakerfi*).

Eftirfarandi lýsing fylgdi könnuninni:

Spurningar fyrir það námsfyrirkomulag sem hefur verið við lýði á önninni.

- *Fagtímakerfi: Það sem unnið var eftir í byrjun annar, allir í gamla skóla*
- *Hópakerfi: Það sem er búið að vinna eftir megnið af önninni og er í gangi núna*
- *Fjarkennsla: Nemendur heima og kennarar á vakt.*

Niðurstöður úr þessari könnun var þannig:

Mér líkar vel að vinna í fagtímakerfinu.	86,61%	13,39%
Mér líkar vel að vinna í hópakerfi.	63,87%	36,13%
Mér líkar vel að vinna í fjarnámi.	59,32	40,68%
Mér fannst aðgengi að kennara áfangans gott í hópakerfinu.	74,58%	22,03%
Mér fannst aðgengi að kennara áfangans gott í fagtímakerfninu.	85,59%	10,17%
Mér fannst aðgengi að kennara áfangans gott í fjarnámi.	76,27%	23,73%

Ein opin spurning var höfð í lok þessarar könnunar. Hún hljómaði þannig: *“Hvernig fannst þér að vinna í hóptímakerfi meðað við fagtímakerfi?”*

Svör nemenda voru mjög mismunandi. Það var einna helst að nemendur vildu frekar vinna í fagtímakerfinu þó svo að vinna í hópakerfi og fjarnámi virtist ekki hafa neikvæð áhrif á námið heilt yfir.

Vísbendingar eru um að félagslegi þátturinn hafi áhrif á svör nemenda þar sem fagtímakerfið er opnara og meira lifandi. Þannig lentu vinir stundum í sitthvorum hópnum í hópakerfinu og höfðu þannig lítil samskipti sína á milli yfir skóladaginn.

Punktur eins og “betri útskýringar í moodle” komu fram sem hægt er að túlka sem svo að kennarar þurfi að passa upp á upplýsingaflæði til nemenda, sérstaklega þegar aðgengið að kennurum sjálfum er ábótavant.


Viðhorfskannanir

Skólapúlsinn

Könnunin var lögð fyrir þann 1. október 2020 og var svarhlutfallið 76,6% sem er örlítið lægra en á síðasta ári. Við skoðun eru nokkrir þættir sem vert er að skoða sérstaklega.

1. Námsumhverfi

Viðhorf og hollusta nemenda gagnvart skólanum er virkilega góð. Þessi þáttur tók mikið stökk á síðasta skólaári og þó að talan hafi lækkað lítillega þá skorar þessi þáttur rúmlega 12% yfir viðmiðum og er skólinn hæstur allra matsskóla í könnuninni.



Á þessari mynd sést hvernig hlutfall þátttökuskólanna dreifist. Hlutfall skólans er merkt með grænum punkti á myndinni og hlutfall viðmiðunarhópsins er merkt með rauðri línu.

Aðrir þættir sem segja má með 90% vissu að skori yfir viðmiðum eru “Stuðningur kennara við nemendur” (0,4% yfir viðmiðum) og “Tíðni leiðsagnarmats” (1,2% yfir viðmiðum).

Heilt yfir kemur þessi matsþáttur vel út. Þó einhver örlítill lækkun sé í öllum þáttum þá er skólinn yfir viðmiðum í öllum þáttum nema “Samsömun við nemendahópinn” sem stendur á pari við viðmið. Það er

í takt við aðrar mælingar sem við höfum séð og tilfinningu og má eflaust skýra með því kennsluformi sem skólinn þurfti að grípa til á haustönninni vegna samkomutakmarkana. Kenna þurfti í föstum hópum og því varð blöndun nemenda mun minni en áður hefur verið í skólanum.


2. Virkni í námi

Heilt yfir er skólinn að koma mjög vel út úr þessum matsþætti. Mat nemenda á þáttum eins og “Skróp í tíma” og “Seinkomur í tíma” eru langt undir viðmiðunarmörkum sem rímar við niðurstöður um raunmætingu skólans sem sjá á í kaflanum “Greining á tölulegum gögnum” hér aftar í skýrslunni.

Helstu viðvörunarbjöllur hér eru mat nemenda á þeim tíma sem fer í að sinna formlegum skyldum sínum í dæmigerðri viku. Þær tölur eru töluvert yfir viðmiðum en eru kannski ekki óraunhæfar þegar horft er í meðaleiningafjölda sem hver nemandi var að taka á vorön, 32-36 einingar, þannig að margir nemendur eru með mjög margar einingar.

3. Líðan

Það er mikið áhyggjuefni hversu mikil breyting er á milli ára í líðan nemenda við skólann. Flest allir matsþættir taka stóra dýfu niður á við og klárt að hér þarf að gera mun betur og vinna að því markmiði að bæta líðan nemenda á svæðinu. Skólinn kemur verst út af öllum þátttökuskólunum í öllum þáttunum í þessum kafla könnunarinnar.



Á þessari mynd sést hvernig hlutfall þátttökuskólanna dreifist. Hlutfall skólans er merkt með grænum punkti á myndinni og hlutfall viðmiðunarhópsins er merkt með rauðri línu.

Skólinn er að sjálfsögðu heimavistarskóli og því getur verið erfitt að greina hvort þessar niðurstöður eigi við um tímann í skólanum eða líðan nemenda bæði í skóla og á heimavist. Hvort heldur sem er þá þarf skólinn að beyta sér fyrir því strax og gera áætlun þess efnis hvernig bæta megi líðan og upplifun nemenda meðan á veru þeirra stendur hér á svæðinu. Sérstaklega skal horft í þættina “Einelti” og “Áreitni og ofbeldi” sem geta verið miklir áhrifaþættir gagnvart öðrum matsþáttum eins og þunglyndi og kvíða.

Taflan 2020 - 2021

Matsþættir ↑ ↓	Niðurstaða	N	Breyting	Viðmið	N	Mismunur
3.1. Vellíðan	3,6	68	-0,3	4,2	1.325	-0,6*
3.2. Hamingja	47,1%	33/70	-24,7%	62,5%	870/1326	-15,4%*
3.3. Sjálfsálit	3,5	69	-0,8	4,3	1.300	-0,8*
3.4. Stjórn á eigin lífi	3,2	68	-0,5	4,1	1.260	-0,9*
3.5. Þunglyndi	39,4%	26/66	27,5%	20,1%	224/1217	19,3%*
3.6. Kvíði	41,8%	28/67	12,0%	28,4%	346/1208	13,4%*
3.7. Svefnleysi	46,3%	31/67	10,7%	31,6%	394/1224	14,7%*
3.8. Ástæður svefnleysis	-	62	-	-	-	-
3.9. Einelti	30,3%	20/66	18,2%	11,5%	158/1219	18,8%*
3.10. Áreitni og ofbeldi	44,8%	30/67	5,5%	20,6%	244/1208	24,2%*

www.nidurstodur.skolapulsinn.is

4. Opin svör

Þegar rýnt er í opin svör nemenda er varðar mat á líðan þá má sjá að nemendur kalla eftir því að skólinn beyti sér fyrir bættri andlegri heilsu nemenda og taki betur tillit til álags og stress sem fylgir Covid-tímum. Skólinn gæti líka unnið meira í því að aðstoða nemendur með kvíðavandamál, fengið inn fyrirlesara og unnið meira með nemendum í að vinna úr sínum málum.

Þó nokkrir nemendur tala um vinaleysi og hægt er mögulega að rekja hluta þess vanda til þeirra samgöngutakmarkana sem fylgdu Covid-ástandinu á haustönninni. Engu að síður má alltaf gera betur og

skólinn þarf hugsanlega að beyta sér fyrir því að stýra meira og styðja betur við félagslíf nemenda utan skólatíma.

Nemendur eru almennt nokkuð ánægðir með kennsluna við skólann. Þó eru nokkrir sem kalla eftir því að kennarar geri námið meira spennandi og áhugaverðara t.d. með fjölbreyttari verkefnum og einnig að kennarar útskýri betur verkefnin og viðfangsefnin.

Hvað er gott við skólann?

Félagslífið, aðstoð kennara og námsumhverfið telja nemendur almennt nokkuð gott og margir góðir punktar koma frá þeim þegar þau eru beðin um að lýsa því sem gott er við skólann.

“Enginn lokapróf, góðir almennilegir kennarar, er næstum því engin þörf á að vinna heima ef unnið er allan tímann í hóptímum. Hádegismaturinn er oftast góður og ræktar og sund aðstæðan er mjög góð. Sumt námsefni er meira segja skemmtilegt sem er alveg stórfurðulegt miðað við gamla grunnskólann minn. Enska er skemmtilegt, íslenskan getur verið mjög áhugaverð og lýðfræði hefur stundum skemmtileg verkefni.”

Hvað er slæmt við skólann?

Kvöldmaturinn er sá puntur sem oftast er nefndur að þurfi að laga við skólann. Nemendur kalla þar eftir fjölbreyttari fæðu og matseðli fyrir kvöldmatinn. Einnig er minnst á líðan nemenda og að það þurfi að fylgjast betur með í þeim efnum og bregðast við.

Stofnun ársins


Niðurstöður stofnunar ársins í ár verða sýnilegar í haust og eru því ekki hluti af þessari skýrslu.

Starfsmannaviðtöl


Vegna mikilla anna og annarra verkefna m.a. í tengslum við Covid tók skólastjórnandi ekki starfsmannaviðtöl í vor eins og áætlun segir til um. Markmiðið er að taka viðtöl í haust og hafa þau svo á 18 mánaða fresti framvegis.

Greining á tölulegum gögnum

Meðaleinkunn nemenda síðasta skólaárið var örlítið undir þeim viðmiðum sem skólinn hefur sett sér að ná sem er meðaleinkunn upp á 7,0. Þrátt fyrir að vera rétt undir því markmiði þá verður að segjast að árangurinn sé nokkuð góður miðað við árangurinn árin á undan þar sem meðaleinkunn haustanna var 6,9 en 6,8 á vorönn. Nú er mikilvægt að skólastjórnendur og kennarar horfi í þann árangur sem náðst hefur á síðustu þremur önnum og læri af því góða starfi sem unnið var á þeim tíma.



Samspil mætingar og meðaleinkunnar er nauðsynleg til að vega hvort annað upp. Hækkandi meðaleinkunnir orsakast ekki síst af betri mætingu nemenda og virkni þeirra í skólanum. Nú hefur skólinn náð því að vera fjórar annir í röð með mætingu yfir 85% markmiði skólans og það þrátt fyrir ýmsar takmarkanir vegna Covid-19. Það ber að virða þann árangur sem hefur náðst og halda áfram á sömu braut.



Áhugavert er að horfa í það að góð mæting síðustu tveggja skólaára hefur náðst á þeim tíma sem starfandi hefur verið sérstakur vinnustofukennari. Samhengið þar á milli er líklega engin tilviljun og mikilvægt að viðhalda því hlutverki og þróa það áfram nemendum til hagsbóta.

Foreldrakönnun

Í janúarmánuði var lögð fyrir foreldrakönnun á netinu. Þetta er í annað skipti sem slík könnun er gerð í skólanum og var könnunin send á alla foreldra barna yngri en 18 ára. Svarhlutfall var 60,5 prósent sem er heldur lægra en í könnun síðasta árs. Matsviðmiðið sem skólinn setur sér er að 85% svarenda séu að svara með einkunnina 1 eða 2 í könnuninni.

Eins og í fyrra kemur skólinn mjög vel út úr þessarri könnun en allir þættir hennar eru yfir viðmiðinnarmörkum og vel það. Eins og í fyrra eru vísbendingar um að skólinn geti bætt þjónustu þvottahúss.

Hægt er að sjá heildarniðurstöðu könnunarinnar og ábendingar frá foreldrum í viðauka 2 og 3.

Heimavistarkönnun

Rafræn viðhorfskönnun var lögð fyrir íbúa heimavistar í maí 2021. Þar var að finna spurningar um er varða líðan, umgegni og samskipti á heimavistinni ásamt því að viðhorf til þjónustu mötuneytis og þvottahúss var kannað. Svörun var góð en 60 nemendur af þeim 83 sem búa á vistinni svöruðu könnuninni.

Það er nokkuð líðið síðan skólinn hefur lagt fyrir heimavistarkönnun og þar sem nemendur okkar sem eru á heimavist eyða stórum hluta vetrarins hjá okkur finnst okkur mikilvægt að geta borið saman líðan þeirra í skólanum og á heimavistinni sem er þeirra griðastaður.

Niðurstöðurnar í töflunni hér að neðan er settar upp í tvo flokka þar sem svarhlutfall þeirra sem voru sammála og mjög sammála eru tekin saman og má sjá í fremri dálki og frekar ósammála og ósammála eru svo sett saman í aftari dálki.

Mér líður vel á heimavistinni.	93%	7%
Ég sýni öðrum íbúum á heimavistinni tillitsemi.	100%	0%
Aðrir íbúar á heimavistinni sýna mér tillitsemi.	85%	15%
Samskipti við heimavistarstjóra eru góð.	97%	3%
Samskipti við húsbændur eru góð.	96%	4%
Mér finnst umgengnin á heimavistinni vera góð.	67%	33%
Ég er ánægður með matinn í mötuneytinu.	69%	31%
Mér finnst maturinn vera fjölbreyttur.	56%	44%
Mér finnst maturinn vera hollur.	70%	30%
Ég mæti í morgunmat.	52%	48%
Ég er ánægð/ur með þjónustu þvottahúss.	68%	32%
Ég set öll mín föt í þvott í þvottahús skólans.	56%	44%

Eins og sjá má á töflunni hér að ofan þá virðist líðan nemenda og samskipti þeirra við þá sem stjórna heimavistunum almennt vera góð. Þó eru 7% nemenda því ósammála að þeim líði vel á heimavistinni sem er hlutur sem þarf vissulega að skoða og reyna að laga.

Þegar kemur að spurningum um umgengni á heimavist, mötuneytið og þvottahús minnkar jákvæðin töluvert. Ýmisslegt virðist mega laga þar og þar er sláandi að sjá að aðeins rúmlega helmingur nemenda mæti í morgunmat að staðaldri. Þennan lið mætti taka upp t.d. á skólabingi með nemendum og reyna að finna leiðir til að fleiri nýti sér þessa mikilvægu máltíð.

Ef lesin eru opin svör nemenda er ljóst að óánægja nemenda varðandi mötuneytið beinist fyrst og fremst að fæðuframboði í kaffitímum og kvöldmat. Þar er kallað eftir betri upplýsingum um hvað er í boði í kvöldmat og einnig að fjölbreyttni gæti verið meiri, t.d. næringarríkari matur í kaffitíma s.s. ávextir og heitur matur í kvöldmat. Þetta rímar við opin svör úr skólapúlsinum er varðar mötuneytið.

Hvað þvottahúsið varðar þá virðast nemendur upplifa það ansi oft að þvottur skili sér ekki tilbaka og að þau fái þvott sem aðrir nemendur eiga. Eitthvað er um að þvottur tynist alveg. Margir nemendur veigra sér við að fara með þvott í þvottahúsið en um 40% nemenda segjast ekki setja öll sín föt í þvott í þvottahúsi skólans og sumir jafnvel engin föt. Þetta er mikið áhyggjuefni og ákveðin áfellingdómur yfir kerfinu sem unnið er eftir í þvottahúsinu. Það er því mikilvægt að skólastjórnendur og umsjónaraðili þvottahúsins skoði hvort ekki sé hægt að bæta þjónustuna með einhverjum hætti.

Opin svör nemenda má sjá í viðhengi 5

Úrbætur

Útbótaáætlun úr skýrslu síðasta árs:

Mælanleg markmið skólans: (yfirstrikuð eru viðfangsefni sem ekki voru skoðuð að þessu sinni)

- Meðaleinkunn - að lámarki 7,0 - hún var 6,8
- Meðal raunmæting - yfir 80%
- Brottfall úr áföngum - undir 5,0%- markmiði náð á vorönn
- Nemendafjöldi - 100 nemendur í fullu námi- nemendafjöldi var 99
- Líðan nemenda;
 - Líðan á heimavist – að lámarki 90% líði vel
 - Heildarlíðan (mælist með “Skólapúslinn”):
 - Vellíðan - að lámarki 4,7 stig- mældist 3,6 stig
 - Hamingja – að lámarki 75,6%- mældist 47.1%
 - Sjálfálit - að lámarki 4,7 stig- mældist 3,5 stig
 - Stjórn á eigin lífi - að lámarki 4,5 stig- 3,2 stig
 - Þunglyndi - minna en 11,6%- mældist 39,4%
 - Kvíði - minna en 23,8%- mældist 41,8%
 - Svefnleysi – minna en 38,7%- mældist 46,3%
 - Einelti – minna en 10,8%- mældist 30,3%
 - Áreitni og ofbeldi – minna en 21,2%- mældist 44,8%
- Stofnun ársins- niðurstöður bárust ekki
- Líðan starfsfólks:
 - ~~Að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum í köflunum “Ánægja og stolt” og “Starfsandi”.~~
- Stjórnun:
 - ~~Að vera yfir landsmeðaltali í öllum þáttum í kaflanum “Stjórnun”~~
- Kennslukannanir
 - Markmið
 - Að lámarki 85% nemenda telji að námsmat og kennsluhættir séu fjölbreyttir- náðist ekki á haustönn
 - Að lámarki 85% nemenda telji að markmið, kennsluáætlun og námsmat séu skýr í upphafi anna- náðist ekki á haustönn
 - Að lámarki 85% nemenda telji að kennari útskýri námsefni vel í fagtímum

- Að lámarki 85% nemenda telji sig fá tækifæri til þess að vinna með öðrum í áföngum- náðist ekki á haustönn
- Að lámarki 85% nemenda telji sig fá leiðbeinandi mat um stöðu sína í áföngum.

Skólayfirvöld þurfa að passa að yfirfara reglulega áætlanir og stefnur í takt við tíðarandann sem ríkjandi er hverju sinni. Vinna þarf áfallaáætlun og mögulega væri hægt að tengja hana við “Viðbragðsáætlun FL” sem nú þegar er til og er aðgengilega á heimasíðu skólans. Einnig þurfa skólastjórnendur að láta útbúa starfsmannastefnu.

Úrbótaáætlun fyrir 2020 – 2021

Markmið	Viðmið	Mæling	Aðgerðir	Ábyrgð	Staðan 15. maí '22
Horfa þarf í niðurstöður varðandi “áreiti og ofbeldi” í Skólapúlsinum og setja fram áætlun til útbóta í þeim efnun.	Þarf að vera til áætlun fyrir næsta skólaár	Skólapúlsinn 2021	Virka áætlun fyrir næsta skólaár.	Skólastjórnendur	
Bæta þjónustu við nemendur (heimavist, þvottahús, mötuneyti)	Horfa gagnrýnum augum á niðurstöður og athugasemdir úr Skólapúls, heimavistarkönnun og foreldrakönnun	Skólapúlsinn 2021 Foreldrakönnun Heimavistar könnun	Betra skipulag er varðar þvottahús og fjölbreytta fæðu.	Starfsmenn og stjórnendur þessarar starfstöðva	
Bæta þarf enn frekar samskipti kennara við sýna nemendur svo upplýsingaflæði og hvatning til náms skili sér betur	Færri samskiptaleiðir eða forrit gæti hjálpað til að ná árangri í þessum málum.	Kennslu-kannanir	Fækka samskiptaleiðum / forritum til að auðvelda samskipti og upplýsingaflæði og samræma meðal kennara	Kennarar	
Gera áætlun um það hvernig við höldum áfram að vekja athygli nemenda á skólanum til að auka enn umsóknir í skólann.	Það þurfa að vera til markmið til langs tíma um það hvernig skólinn ætlar að standa að markaðsmálum.	Fjöldi umsókna fyrir skólaár 2021 - 2022	Búa til markaðsáætlun til að vinna eftir næsta skólaár.	Skólastjórnendur	

Heimildir

Skólapúlsinn. (2021, júní). www.skolapulsinn.is

Sjálfsmatskýrsla 2019-2020. (2021, júní). [Vantar link](#)

Viðauki 1 - Kennslukannanir Framhaldsskólans á Laugum

1. Voru markmið, kennsluáætlun og námsmat skýr í upphafi annar.
2. Fag tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir
3. Fag tímarnir í áganganum eru skipulagðir
4. Fag tímarnir í áfanganum nýtast mér vel
5. Kennarinn útskýrir námsefnið vel í fag tímum
6. Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum
7. Góður vinnuandi er í fag tímum í þessum áfanga
8. Góður vinnuandi er almennt í námstímum
9. Ég nýti hóp- og námstíma vel til að vinna verkefni áfangans
10. Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim
11. Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga
12. Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri
13. Kennarinn hvetur nemendur í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýnin hátt
14. Kennarinn hvetur nemendur til sjálfstæðra vinnubragða
15. Námsmat, verkefni og kennsla er fjölbreytt í þessum áfanga
16. Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga.
17. Kennarinn bendir mér á hvernig ég geti bætt mig í áfanganum
18. Námsmatið í þessum áfanga er sanngjarnt
19. Mér gengur vel í þessum áfanga
20. Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga
21. Er eitthvað sem þú villt koma á framfæri að lokum varðandi t.d. kennsluhætti, viðmót kennara eða annað viðkomandi áfanganum?
22. Ég fer í verklega tíma í þessum áfanga
23. Ef "Já" í spurningu 22: Tímarnir eru áhugaverðir
24. Ef "Já" í spurningu 22: Verklegir tímar eru vel skipulagðir
24. Ef "Já" í spurningu 22: Verklegir tímar nýtast mér vel

Viðauki 2 - Foreldrakönnun – ábendingar svarenda

Hvað finnst þér vera gott við skólann?

Hvernig hann er uppsettur

Lítill og persónulegur

Hvað er haldið vel utan um nemandann og gott samband við foreldra

Finnst gott að vita af barninu mínu öruggu hjá ykkur

Unglingnum líður vel í skólanum og fær þá aðstoð og hvatningu sem hann þarf í námi

Samheldin og persónuleg samskipti við nemendur og foreldra

Ég er ánægð með heimilisbraginn sem virðist vera þarna og mitt barn virðist ánægt

Námið er einstaklingsmiðað

Gott og manneskjulegt viðmót

Mjög sátt við skólann allt til fyrirmyndar

Að barninu mínu líður vel

Aðgangur að hestum

Heildarutanumhald

Mjög ánægð með fyrirkomulag á námi og kennslu

Skólinn hefur gefið dóttur minni sjálfstraust í námi og leik

Mér finnst frábært hvað barnið mitt hefur blómstrað og fengið að auka sjálfstæði sitt

Góð þjónusta í boði, bæði námsráðgjafi, sálfræðingur og margt fleira

Gott samfélag. Ein stór fjölskylda. Gott umtal

Aginn og traustið (BJössi)

Skólinn hefur staðist okkar væntingar varðandi námið. Kennarar góðir og taka tillit til þarfa barnsins míns

Íþróttasvæði

Góð upplýsingagiöf

Skólastjórinn er æði

Hvað finnst þér að mæti bæta í starfi skólans?

Mér finnst of litlar upplýsingar um verkefni og áætlanir fyrir foreldra á Innu

Ef það væri hægt að hafa stjórn á því hvenær unglingarnir fara að sofa þá væri það gott það er allt betra ef maður er ekki dauðþreyttur

Þau mættu taka meiri þátt í að elda og þvo þvott

Varðandi mætingarskráningar finnst mér að það eigi kannski ekki að koma niður á mætingarþósentu þegar um veikinda ræða og foreldra láta vita að barnið sé veikt, sérstaklega þegar barnið er annars með mjög góða mætingu í alla tíma

Upplýsingar um það sem um er að vera mættu berast til foreldra líka (stundum fer það bara á teams til krakkanna)

Bæta kvöldmat og helgarmat

Vantar að hafa foreldraviðtöl fyrir þá sem eru undir 18 ára

Vanda betur sorteringu á þvotti

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Gott væri að hafa aðgang á námsáæltunum og verkefnaskilum á Innu

Takk fyrir frábæran skóla

Kvöldmatur, helgarfæði og þvottur

Viðauki 3 – Niðurstöður úr foreldrakönnun

Niðurstöður úr foreldrakönnun má sjá á eftirfarandi link:

https://forms.office.com/Pages/AnalysisPage.aspx?id=BU0VhQ_0-0-5P1G61igg8ezarW_laUFAjWrJXF_pljdUQU9DWDIxSUVYUUVHTkMxRVA1VU5JV0IWViQIQCN0PWcu&AnalyzerToken=TiATVTnisGqx13SZ81eLtm8AZrNxhtr

Viðauki 4 - Gátlisti fyrir mat á skólanámskrá (2020-2021)

Sjálfsmatsteymi yfirfer gátlista þennan einu sinni á ári. Því skal vera lokið fyrir lok haustannar. (Unnið upp úr leiðbeiningum um innra mat framhaldsskóla).

Farið er yfir hvort eftirfarandi atriði skólanámskrár eru aðgengileg á heimasíðu skólans og hvort þurfi að uppfæra þær eða breyta.

Gátlisti: Innihald skólanámskrár	Já	Nei	Athugasemdir
Sérstaða skólans	x		
Stefna skólans og framtíðarsýn	x		
Árleg starfsáætlun skóla	x		
Skólanefnd	x		
Skólaráð	x		
Starfsmannastefna		x	
Jafnréttisstefna	x		
Umhverfisstefna		x	
Stefna í forvörnum og heilsusamlegum lífsháttum	x		Heilsueflandi framhaldsskóli
Áætlun um einelti	x		
Áfallaáætlun		x	
Námsbrautalýsingar	x		
Áfangalýsingar	x		
Umgjörð og skipulag kennslu, t.d. hvað varðar staðnám, námsver og fjarnám	x		
Námsaðstaða og aðbúnaður við nemendur	x		
Þjónusta við nemendur: leiðsögn, námsráðgjöf og sértæk námsúrræði	x		
Áherslur og leiðir til að stuðla að góðum skólabrag	x		
Félagslíf nemenda		x	Sér síða spurning um að setja link á nemendafélagið
Almennar skólareglur	x		
Heimavistarreglur	x		
Skólasóknarreglur	x		
Víðurlög við brotum á skólareglum	x		
Verklagsreglur um meðferð og úrlausn mála	x		
Samskipti við foreldra/forráðamenn nemenda undir lögaldri		x	Aðallega það sem tengist skráningu veikinda ólöggráða nemenda
Annað samstarf, s.s. við grunnskóla, við aðra skóla, fyrirtæki og nærsamfélag	x		
Lýsing á kerfisbundnu innra mati, langtímaáætlun í innra mati	x		Langtímaáætlun ekki birt
Matsáætlun fyrir skólaárið		x	

Viðauki 5- opin svör heimavistarkönnun

Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri v/heimavistar, mótuneytis eða þvottahúss

Matseðill fyrir kvölmat

Fötin mín týnast stundum í þvotti

T.d. er miklu mikilvægara að hafa fjölbreytta og vinsæla ávexti á morgnanna ekki geyma og setja þá fram í kvöldmat

Ég nota ekki þvottahúsið

Maturinn er ekki fjölbreyttur og mér finnst ekki vera nógu næringaríkur sérstaklega fyrir íþróttafólk

Mér finnst hún í þvottahúsinu stundum bara giska hver á hvaða föt frekar að setja í óskila ef hún er ekki viss

þarf að laga kvölmatinn

þarf að kenna krökkum að taka til eftir sig á göngum heimavistar

Það er allt of oft sterk og mjög vond lykt af fötunum mínum

Kaffitíminn má hafa hollari valkosti þarf ekki alltaf að vera þurr kaka